

## Samþykktir Agile netsins

### 1. gr.

Félagið heitir Agile netið og er félagasamtök fyrirtækja sem hafa áhuga á Lean og Agile aðferðum í vörubrúun og stjórnun, og vilja styðja við umbætur íslenskra fyrirtækja.

### 2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing er Reykjavík.

### 3. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja við grasrótastarf og uppbyggingu íslenskra fyrirtækja með útbreiðslu Lean og Agile hugmynda.

Agile er hugmyndafræði við þróun, framleiðslu og verkefnastjórnun og er aðallega notað í hugbúnaðarverkefnum. Agile er sprottið frá Lean aðferðarfræðinni, eða Straumlínustjórnun, sem er aðferðafræði sem notuð hefur verið í framleiðslustjórnun.

### 4. gr.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná fram með samstarfi og stuðningi við grasrótastarfsemi annara félagasamtaka sem útbreiða Lean og Agile hugmyndir og virkri þekkingarmiðlun milli félaga sinna. Einnig mun Agile netið kynna hugmyndir sínar á opinberum vettvangi.

### 5. gr.

Stofnfélagar eru:

- Betware
- Calidris
- CCP
- Hugsmiðjan
- Íslandsbanki
- Landsbankinn
- Síminn
- Sjóvá
- Sprettur Marimo
- TM Software

### 6.gr.

Öllum fyrirtækjum sem starfrækt eru á Íslandi er frjálst að gerast félagar.

### 7. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Aðalfundur félagsins skal haldinn ár hvert fyrir 1. maí

Allir skráðir félagar hafa rétt til setu og atkvæðisréttar á aðalfundi. Hvert fyrirtæki hefur eitt atkvæði. Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað með að minnsta kosti viku fyrirvara. Boða skal aðalfund með tölvupósti á póstlista félagsins.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

- Fundur settur.
- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
- Lagabreytingar.
- Kosning í stjórn.
- Kosning á skoðunarmanni reikninga.
- Ákvörðun félagsgjalda.
- Önnur mál.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins. Tillögur um lagabreytingar skal leggja fram til stjórnar a.m.k. fimm dögum fyrir aðalfund. Lagabreytingar teljast samþykktar ef 2/3 hluti félaga sem sækja aðalfund samþykkja breytingarnar.

#### **8. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 3 félagsmönnum þ.e. formanni, ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu kosnir árlega á aðalfundi. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar stjórnarfundi þegar þurfa þykir.

Daglega umsjón félagsins annast formaður stjórnar.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar.

#### **9. gr.**

Allir félagar greiða árlegt þáttökugjald sem er óafturkræft. Þáttökugjald er endurskoðað ár hvert á aðalfundi félagsins.

Undantekningar má gera á þáttökugjaldi til smærri fyrirtækja sem hafa aðeins verið með starfsemi skemur en 2 ár.

#### **10. gr.**

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til eflingar og útbreiðslu málefna í samræmi við tilgang félagsins.

#### **11. gr.**

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og renna eignir þess til góðgerðasamtaka sem valin verða á fundinum.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 17. mars 2010.

Reykjavík, 17. mars 2010.